

Halldór Pétursson:

# Á útfarardegi Brands Brandssonar

Svo segir í kvæði Grims Thomsens, að Sörli sé heygður Húsafells í túni og hneggi þar við stall með öllum tygjum. Þar biður hann upprisunnar og tilþrifamikilla spretta á vegum fjalla nýjum. Enn er þess dæmi, og líklega ófá, að miklir gæðingar séu heygðir með viðhöfn, jafnvel með öllum tygjum.

Kettir og hundar, sem kærir hafa verið heimafélki, eru líka stundum grafnir með talsverðri viðhöfn. En sá köttur, sem við vitum einna mest haft við að loknu lífshlaupi sínu, átti heima suður í Fossvogi og hét Brandur Brandsson. Við birtum hér húskveðjuna, sem flutt var, ásamt allmörgum myndum frá útför og erfisdrykkju, því að einnig voru þar myndasmíðir nærstaddir eins og gerist, þegar merkar persónur kveðja jarðlifid.

Hér fer á eftir heimiliskveðjan:

Við erum hér saman komin í dag til þess að kveðja hinn mikilsvirta heimilisvin og drápara, Brand Brandsson, Brandur fæddist hér á Snælandi árið 1944 í kassa úti í geymslu, og átti hann þar sammerkt við marga, sem hæst ber í heimssögunni, en fæddir eru í lagu hreysi.

Hann varð snemma þroskavænlegur og byrjaði fljótt að brýna klær og hvessa vígtennur, enda kenndi móðir hans honum að veiða mýs og rottur. Brandur gekk ætíð að þessu verki af mikilli alúð og mesta dugnaði og lyktaði viðureign hans við þessi kvikindi jafnan á þann hátt, að hann beit af þeim hausinn. En vonir hans stefndu hærra: Hann vildi verða einvaldur yfir öllum köttum í Kópavogi, lama og hræða fressin, en hafa læðurnar sér til ánægju og yndishóta. Guðný húsfreyja, fóstura hans, sem hann trúði á, studdi hann með ráðum og dáð. Ól hún hann á nýmjólk, rjóma, heilagfiski og nýju kjöti og öllu, sem hann gat í sig látið.

Brandur varð því snemma allra katta mestur, sterkastur og þyngstur, og kom líkamspunginn honum að góðu gagni í ógurlegum orustum, sem hann háði. Þegar hér var komið, hætti hann að veiða, bretti aðeins granirnar, ef hann sá rottu, en óneitanlega var eins og skottið styttist, ef hann sá fugl, enda lóddi það lengi við, að hann krækti sér í einn og einn fugl upp á sport eins og tilt er um góðborgara.

Hversdagslega var Brandur heitinn hægur og hibýlaprúður, beit menn



Brandur Brandsson var stór og stæðilegur köttur.

hvorki né reif, jafnvel þótt honum væri sýndur ójöfnuður, heldur færði sig um set. Margir urðu til þess að strjúka gljatægoan þeg hans, og tók hann því jafnan með vinsamlegu mali og lét rífa í grænar glyrnur án þess að klær gægðust fram undan gangþófunum.

Þeir voru miklir mátar, hann og Litli risinn, en þó viði Brandur ekki láta hann bera sig lengi á höndum sér. Oft var líka dátt með honum og Gamla

risanum, þegar þeir ræddu utanríkis-málin. Aftur á móti risu hárin á báðum, þegar farið var út í friðarpólitík-ina, og lauk þeim orðræðum stundum á þann hátt, að Brandur stökk upp í mikilli reiði og rauk á dyr.

Brandur var tortrygginn mjög og lét engan ná sér utan dyra nema fósturu sína, en til hennar kom hann, hvar sem hún var stödd, en hirti þó ekki til hlítar um predikanir hennar um betra





Heiðursvörður allvígalegur við kistu Brands Brandssonar

liferni. Vinátta þeirra Vals og hans var svipuð og vinátta Finns og Hjálmars tudda. Þeir sváfu oft árekstralaust í eldhúsinu, en ættu þeir að sitja við sama borð og neyta sömu fæðu, lék taugakerfi Vals allt á þræði, en grettur Brands gengu úr hófi fram, kryppan varð eins og skemmuburst, og skottið lygilega stutt.

Hvert kvöld, sumar jafnt sem vetur, reis Brandur upp og gekk út, hverju sem viðraði. Stundum var hann úti allar nætur, kom þá heim allúfinn að morgni, tók rösklega til matar síns, en lagðist síðan fyrir og sleikti sár sín, sem oft voru mikil. Oft kom hann um miðjar nætur á gluggann hjá fóstur sinni, barði upp á með loppunni, og var hann þá jafnan sár mjög. Ekki kveinkaði hann sér þó við að stökkva upp í gluggann, þegar opnað var, og hrökk þá af honum leir og blóð. En fóstur hans fægði sár hans og saumaði þau saman, er hann lét sér vel líka. Oft lá hann lengi í sárum, og var búkur alsettur örur, og hnúðum og eyrun eins og stórviðarsög.

Þrátt fyrir háan aldur og erjusamt líf, þvarr bardagahugur hans aldrei. Ætíð gladdi það hans gömlu augu að sjá orrustu og fallna fjendur. Sæi hann graðkött, nálgadist hann hann með

valdsmannslegum tilburðum, og rynni andstæðingurinn af hólmi, horfði hann á eftir honum af megnri fyrirlitningu. Vildi andstæðingurinn á hinn bóginn reyna afl sitt, var búizt til bardaga. Nálgudust þeir hvor annan æði lágfættir með rifuð augu og mikilli látbragðslist, unz þeir sprændu sitrón-gulu hvor á annan, ruku því næst saman og létu kjaft og klær ganga eins og grjótmulningsvél. Brandur hopaði hvergi, en hafði óvininn undir og jafnaði síðan um hann. Sumir þurftu ekki frá tíðindum að segja. Kom þar, að aðrir fresskettir flúðu upp á húspök eða simastaura, ef þeir heyrðu grunsamlegt þrusk. En húsfreyjur margar lögðu fæð á Brand, því að þær tóku þykkjuna upp fyrir sína ketti.

Brandi varð ekki maka vant, enda eru niðjar hans sem sandur á sjávarströnd, og vígslur allar framkvæmdi hann sjálfur.

Brandur var samkeppnissinni og slakaði aldrei á klónni. Hann varð einvaldur í sveit sinni og hélt völdum til hinztu stundar.

Eins og áður segir, var Brandur mikill vexti og vörpulegur, belgurinn gljáandi og yfirbragðið tigulegt. Augun voru gul og lýstu gáfum og miklum þokka. Drengur var hann góður, ef valdir vinir átta í hlut, en



Jarðarförin var býsna fjölmenn og fór virðulega fram.






Ög erfisdrykkjan var einnig með fullum sóma, en þó með hófi. Ekkert vín um hönd haft, enda var Brandur bindindisköttur.

öðrum grimmur og tortrygginn. Við fráfall hans er mikill harmur kveðinn að öllum læðum í nágrenninu, og hafa þær eigi treyst sér til þess að fylgja honum til hinztu hvílu.

Vottum við þessum læðum dýpstu samúð, sem og fósturu hans, er þykir sjónarsviptir orðið hafa við fráfall þessa mikilsvirta heimilissvinar, og



Hljóleg heimiliskveðja var flutt yfir kistu Brands, og talaði þar fjárhaldsmaður Brands og ráðgjafi.



Kista Brands var haglega smíðuð og hin snotrasta, en blóm voru afþökkuð.

mun sess hans seint verða fullskipaður.

Hið vinalega mal er þagnað, og myndi það kosta ærið fé hjá Stefi. En vér vonum, ef þú hittir óvini þína á eilífðarenginu, þá heyr þú aðeins við þá kalt stríð, en begripir þig ekki á hinum vængjuðu verum, sem þarna kunna að vera á flökti. Vér kveðjum svo með lotningu þetta tittnefnda, tígulega fress, og vonum vér, að andinn mikli sjái þér fyrir glæstum veiði löndum, þar sem belgheitur læður verma hvílu þína, og megir þú þar ríkja um aldri alda.

Af ketti ertu kominn, af ketti skaltu aftur verða og með köttum skaltu upp rísa.

## Arfur og samtími

Framhald af bls. 512

sjálfur skáld, svo að orð sé nú á gerandi.

Þá er að nefna Hið íslenska bókmennta félag, sem stofnað var í Reykjavík og Kaupmannahöfn 1816 að frumkvæði danska málfræðingsins Rasmusar Kristjáns Rask. Útgáfustarfsemi þess varð snemma umfangsmikil, en tímarit á þessu tímabili voru Íslensk sagnablöð (1817—26) og Skirnir, sem hóf göngu sína 1827 og kemur út enn. Upp úr þessu hófust síðan þau tímarit úti í Kaupmannahöfn, sem hvert mannsbarn þekkir, Armann á Alþingi, sem Baldvin Einarsson og Þorgeir Guðmundsson gáfu út 1829—32, Fjölur, sem út kom 1835—47, og loks Ný félagsrit, sem Jón Sigurðsson hóf útgáfu á 1841. Nefna má og fleiri blöð frá þessum tíma, svo sem Sunnanpóstinn, sem nú er einkum minnt fyrir skærum hans við Fjölni.

Það atriði hinnar almennu landsögu tímabilsins 1750—1850, sem einkum snertir skáldskapinn á sama tíma, er því upphaf útgáfu bóka og tímarita um hagnýt og veraldleg efni. Sömu leiðis höfðu þær frelsis- og framfarahugmyndir, sem hingað bárust þá frá Evrópu, mikil áhrif á þróun ljóðlistar, fyrst og fremst þó á yrkisefnavalið, þ.e. menn litu gjörólikum augum á söguna, landið og náttúru þess frá því sem áður hafði tíðkæzt. Þessar hugmyndir bárust hingað frá þáverandi höfuðborg landsins, Kaupmannahöfn, og geta má þess, að þennan tíma var þar talsverð gróska í andlegu lífi, sem og í dönskum bókmenntum, enda áttu nýjustu stefnur og hræringar sunnan úr Evrópu þá sem endranær greiða leið þangað. Fyrsta ljóðskáldið, sem snéri þaðan hingað heim altekið af nýjum hugmyndum, var Eggert Ólafsson, og að honum og verkum hans verður vikið í næstu grein.

(Helztu heimildir: Saga Íslendinga, VI. og VII. bd.: Stefán Einarsson: Íslensk bókmenntasaga 874—1960 (Rvk. 1961): Vilhjálmur Þ. Gíslason: Íslensk endurreisn (Rvk. 1923): Jón Helgason dr. theol. biskup: Meistari Hálfán (Rvk. 1935): Jón Helgason próf.: Hrapseyjarprentsmiðja 1773—1794 (Kmh. 1928): Klemens Jónsson: Fjögur hundruð ára saga prentlistarinnar á Íslandi (Rvk. 1930).)

